GAMMA
GAM Management hf

Klapparstígur 29
101 Reykjavík

Sími: 519 3300
gamma@gamma.is
www.gamma.is

# Skuldabréfavísitölur GAM Management hf. - nóvember 2013

**GAMMA: GBI 253,8** **GAMMAi 265,5** **GAMMAxi 214,759**

*Gengi vísitalna síðasta viðskiptadag í október (sett 100 1. jan 2005).*

## Vigtir skuldabréfa

| | GAMMA: GBI | | | GAMMAi: Verðtryggt | | | GAMMAxi: Óverðtryggt | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1.okt.13 | 1.nóv.13 | Breyting | 1.okt.13 | 1.nóv.13 | Breyting | 1.okt.13 | 1.nóv.13 | Breyting |
| HFF 24 | 13,26% | 13,34% | 0,07% | 18,54% | 18,73% | 0,19% | | | |
| HFF 34 | 19,29% | 18,79% | -0,50% | 26,97% | 26,39% | -0,58% | | | |
| HFF 44 | 33,45% | 33,49% | 0,05% | 46,76% | 47,06% | 0,29% | | | |
| RIKS21 0414 | 5,53% | 5,56% | 0,04% | 7,73% | 7,82% | 0,09% | | | |
| RB14 0314 | 0,00% | 0,00% | 0,00% | | | | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| RB15 0408 | 1,54% | 1,58% | 0,03% | | | | 5,42% | 5,47% | 0,05% |
| RB16 1013 | 4,38% | 4,24% | -0,14% | | | | 15,37% | 14,71% | -0,65% |
| RB19 0226 | 7,02% | 7,22% | 0,21% | | | | 24,65% | 25,06% | 0,42% |
| RB22 1026 | 4,44% | 4,29% | -0,14% | | | | 15,58% | 14,90% | -0,68% |
| RB25 0612 | 6,73% | 6,95% | 0,22% | | | | 23,63% | 24,10% | 0,47% |
| RB31 0124 | 4,37% | 4,54% | 0,17% | | | | 15,36% | 15,75% | 0,40% |
| | 100,00% | 100,00% | | 100,00% | 100,00% | | 100,00% | 100,00% | |

Engar nýjar útgáfur voru af skuldabréfum í vísitölunni í mánuðinum. Afborgun og vaxtagreiðslur voru greiddar af HFF34, RB16 og RB22 og lækkaði því hlutfall þeirra bréfa í vísitölunni.

Hlutfall óverðtryggðra bréfa hækkaði og er nú 28,8% sem er 0,3% hækkun frá september mánuði.

Markaðsverðmæti skuldabréfa í vísitölunni lækkaði um 27ma og er nú 1.457ma.

Líftími vísitölunnar hækkaði lítillega og er nú 8,9 ár.




## Ávöxtun vísitölunnar

Heildarvísitalan, GAMMA: GBI, lækkaði um 0,7% í október og hefur nú hækkað um 4,7% það sem af er ári. Verðtryggða vísitalan GAMMAi lækkaði um 1,5% og hefur hækkað um 3,8% á árinu og óverðtryggða vísitalan GAMMAxi hækkaði um 1,2% og hefur hækkað um 7,4% það sem af er ári.

Meðaldagsveltan var um 4,9ma og hefur verið um 7,0ma að meðaltali frá áramótum.

| | GAMMA: GBI | GAMMAi | GAMMAxi |
|---|---|---|---|
| 1m | -0,73% | -1,49% | 1,20% |
| 3m | 0,01% | -0,49% | 1,27% |
| 6m | 2,79% | 2,80% | 2,69% |
| 1Y | 4,07% | 2,37% | 8,52% |
| ytd | 4,74% | 3,77% | 7,42% |







## Um skuldabréfavísitölur GAMMA

*Skuldabréfavísitölur GAMMA eru reiknaðar og birtar af GAM Management hf., óháðu og sérhæfðu ráðgjafar- og sjóðastýringarfyrirtæki með starfsleyfi frá FME sem tekur til reksturs verðbréfasjóða og fjárfestingarráðgjafar. Vísitölurnar sýna heildarávöxtun útgefinna íbúðabréfa, ríkisbréfa og spariskírteina, hlutfallsvigtað miðað við markaðsverðmæti hvers bréfs í hlutfalli af heildarmarkaðsverðmæti skuldabréfa í vísitölunni. Notast er við lokagengi skuldabréfa á hverjum viðskiptadegi eins og það er birt í NASDAQ OMX Nordic Exchange. Heildarávöxtun þýðir að vaxtagreiðslur og afborganir eru í raun endurfjárfestar aftur í vísitölunni. Sjá nánar í GAMMA: Government Bond Index – aðferðafræði.*

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspegla eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfum og verðbréfasjóðum og athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.